

# Ársskýrsla 2007

## Efnisyfirlit

Fimmta starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins .....	1
Stjórn	1
Starfsmenn	1
Húsnæði og vinnuaðstaða	1
Eftirlit menntamálaráðuneytis	2
Úttekt	2
Fjárhagur	2
Samstarfsvettvangur ASÍ og SA.....	3
Húsfélag	3
Þjónustu- og samstarfssamningar gerðir á árinu	4
Eldri þjónustu- og samstarfssamningar	5
Verkefnasamningar gerðir á árinu	9
Eldri verkefnasamningar	10
Markhópur FA .....	11
Úrvinnsla á gögnum sem Hagstofa Íslands hefur safnað	11
Námsleiðir.....	11
Skilgreiningar á menntunarpörf	12
Nýjar námsleiðir	12
Dreifing á námsskrám FA	13
Gæði námsleiða	13
Sérfræðihópur FA	13
Gæðaviðmið endurskoðuð	13
Viðmið um úrvalsnámsefni	14
Upplýsingaöflun og miðlun	14
Upplýsingar frá símenntunarmiðstöðvum	15
Mat á óformlegu námi og raunfærni.....	15
Mat á námsskrám	15
Tillögur um fyrirkomulag raunfærnimats	16
Tilraunaverkefni	16
Leonardo da Vinci tilraunaverkefni: VOW	17
Leonardo tilraunaverkefni: CREAC	18
Leonardo tilraunaverkefni: OBSERVAL	19
Upplýsingaöflun og fundir	19
Önnur þróun	20
Námsferilsskrár	20

Þróun aðferða í náms- og starfsráðgjöf .....	20
Samráðsvettvangur	21
Önnur þróunarverkefni	21
Upplýsingasöfnun og miðlun	21
Kennslufræðimiðstöð .....	22
Þróunarverkefni	22
Námskeið	22
Gagnasafn	23
Upplýsingaöflun og miðlun í kennslufræði fullorðinna	23
Náms- og starfsráðgjöf hjá símenntunarmiðstöðvum .....	23
Árangur í starfinu 2007	24
Samanburður milli ára 2007 og 2006	25
Tillögur að nýjum árangursmarkmiðum	26
Íslenska fyrir erlenda starfsmenn .....	27
Starf stýrihóps	27
Ný námsskrá	27
Lokaniðurstöður	28
Vottaðar námsleiðir hjá símenntunarmiðstöðvum .....	28
Árangur ársins 2007.	29
Samanburður milli ára 2007 og 2006.	32
Árangursmarkmið	33
Upplýsingasöfnun og miðlun .....	34
Ársritið Gátt	34
Útgáfa á námsskrám	35
Kynningarefni	35
Fundir og ráðstefnur	35
Vefurinn	36
Ráðgjöf og raunfærnimat hjá Fræðslumiðstöðvum löggiltra iðngreina. ..	36
Raunfærnimat	36
Ráðgjöf	37
Önnur verkefni .....	37
Fagráð verslunar og þjónustugreina	37
Norrænt tengslanet um nám fullorðinna, NVL	39
Leikn, samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi	44

Fylgiskjöl: .....	44
Almennir samningsskilmálar (óbreyttir frá síðasta ári)	44
Verkefna- og starfsáætlun 2007	45
Markmið og árangur verkefna 2007	46
Námskeið sem FA annast	47
þarfagreiningar	47
Námsskrár til mats í menntamálaráðuneyti	47
Raunfærniáðgjöf	48
Námsráðgjöf hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum.	48
Önnur undirbúnings- og þjónustuverkefni 2007	49
Yfirlit yfir fræðslu annarra aðila sem FA veitir þjónustu	50

## Fimmta starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Árið 2007 er fimmta starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var opnuð formlega þann 21. nóvember 2003, en samningur við menntamálaráðuneytið hafði verið undirritaður í apríl sama ár. Sá samningur gildi til loka árs 2006, en í ársbyrjun 2006 var nýr þjónustusamningur undirritaður af fulltrúum ASÍ og SA ásamt menntamálaráðherra. Viðaukasamningur var síðan gerður 26. janúar 2007 og gildir hann út samningstímabilið.

### Stjórn

Hluthafafundur var haldinn 18. janúar þar sem Guðrún Eyjólfsdóttir tók við sæti í stjórn FA af Gústafi Adolf Skúlasyni. Aðalfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var haldinn 8. júní 2007 og voru eftirtaldir kosnir í stjórn FA: Guðrún Eyjólfsdóttir, Emil B. Karlsson og Ingi Bogi Bogason fyrir hönd SA og Gylfi Arnbjörnsson, Atli Lýðsson og Finnbjörn A. Hermannsson fyrir hönd ASÍ. Varamenn í stjórn voru kosnir Ingibjörg R. Guðmundsdóttir fyrir hönd ASÍ og Jónína Gissurardóttir fyrir hönd SA. Hluthafafundur var haldinn 12. september þar sem Grétar Halldórsson og Sigríður Anna Guðjónsdóttir tóku við sætum í stjórn FA af Inga Boga Bogasyni og Emil B. Karlssyni. Frá aðalfundi er Guðrún Eyjólfsdóttir formaður stjórnar og Gylfi Arnbjörnsson varaformaður.

Stjórnin hélt 10 stjórnarfundum á árinu. Auk þess var ársfundur haldinn miðvikudaginn 28. nóvember 2007.

### Starfsmenn

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins voru á árinu 2006: Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, Ásmundur Hilmarsson, Björn Garðarsson, Fjóla María Lárusdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir. Bjarni Ingvarsson hætti störfum í lok febrúar. Guðmunda Kristinsdóttir hætti störfum í lok júlí og Sigrún Kristín Magnúsdóttir hætti störfum í nóvember. Lena Nilsen hóf störf í byrjun mars. Guðfinna Harðardóttir hóf störf í byrjun september, Anna Vilborg Einarsdóttir hóf störf í byrjun október. Heimir Guðjónsson vann hjá FA frá ágúst til desember. Stöðugildi voru 9,65 á árinu. Haldnir voru 34 starfsmannafundir á árinu. Starfsmenn fóru í kynnisferð til þekkingarnets Austurlands á Höfn í Hornafirði þann 18. maí ásamt starfsmönnum Mímis-símenntunar og Landsmenntar.

### Húsnæði og vinnuaðstaða

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var allt árið 2007 til húsa í Skeifunni 8. Skrifstofa Fræðslumiðstöðvarinnar er á 2. hæð hússins, en Fræðslumiðstöðin leigir samstarfsaðilum sínum skrifstofuhúsnæði og kennsluhúsnæði. Auk þess leigir Fræðslumiðstöðin nokkrum öðrum aðilum húsnæði.

## **Eftirlit menntamálaráðuneytis**

Greinargerð um starfsemi FA árið 2006 var send ráðuneytinu fyrir 31. mars 2007, eins og þjónustusamningur kveður á um. Fundur var haldinn um greinargerðina í ráðuneytinu 20. júní. Á fundinum voru Stefán Stefánsson, Ólafur Grétar Kristjánsson, Þórir Ólafsson og Jenný Bára Jensdóttir fyrir hönd ráðuneytisins og Guðrún Eyjólfsdóttir, Gylfi Arnbjörnsson og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir fyrir hönd FA.

Starfs- og verkáætlun ásamt fjárhagsáætlun voru sendar til menntamálaráðuneytis eins og þjónustusamningur segir til um fyrir 1. september. Í framhaldi var haldinn samráðsfundur milli aðilanna þann 11. desember í húsakynnum menntamálaráðuneytisins. Fundinn sátu Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri, Arnór Guðmundsson, Stefán Stefánsson, Karl Kristjánsson og Jenný Bára Jensdóttir fyrir hönd menntamálaráðuneytisins og Guðrún Eyjólfsdóttir, formaður stjórnar og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í framhaldi af fundinum var ráðuneytinu send endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2008.

## **Úttekt**

Á árinu lét menntamálaráðuneytið gera úttekt á starfsemi FA frá upphafi. Til undirbúnings úttektinni gerðu starfsmenn og stjórn FA sjálfsmatsskýrslu. Það var fyrirtækið ParX, sem gerði úttektina á haustmánuðum og liggur skýrslan á vef menntamálaráðuneytisins. Í heildina var skýrslan mjög jákvæð í garð starfsemi FA og ljóst að öllum helstu markmiðum starfseminnar hefur verið náð. Í lok ársins hófst undirbúningur að úrbóta- og framkvæmdaáætlun vegna tillagna í skýrslunni. Markmiðið er síðan að endurskoða gæðahandbók FA í framhaldinu.

## **Fjárhagur**

Framlög menntamálaráðuneytisins til starfseminnar á árinu 2007 voru 283,7 milljónir kr. en auk þess var nýtt úr verkefnasjóðum 3,8 milljónir króna. Aðrar tekjur til starfseminnar voru kr. 61,8 milljónir. Tekjur voru því samtals 349 milljónir.

Rekstrargjöld voru 354,6 milljónir kr. á árinu. Fjármunatekjur voru samtals 6,4 milljónir kr. og rekstrarafgangur því tæpar 1,1 milljón kr.

Mikil aukning var á fjármagni frá ríkinu milli ára. Viðbótarframlag vegna nýrra samninga nam kr. 109 milljónir sem ætlað er annars vegar til vottaðra námsleiða kr. 79 milljónir og hins vegar til fræðslumiðstöðva löggiltra iðngreina vegna raunfærnimats og námsráðgjafar kr. 30 milljónir.

Í lok árs hafði ekki verið notað fé sem ætlað var til vottaðra námsleiða að upphæð kr. 22,7 milljónir kr. og var það skuldfært um áramót. Einnig hafði verið greitt til samstarfsaðila en ekki haldið nám fyrir kr. 3,7 milljónir og var það skuldfært um áramót. Fé sem ætlað var til náms- og starfsráðgjafar og eftirstöðvar síðasta árs var greitt til samstarfsaðila. Um áramót reyndust tvær símenntunarmiðstöðvar ekki hafa uppfyllt lágmarksákvæði um árangur og voru

skuldfærðar hjá þeim upphæðir sem samsvara verðmæti þeirrar vinnu sem óunnin var um áramót eða kr. 4,3 milljónir. Jafnframt eru tekjur frá ríkissjóði lækkaðar sem þessu nemur.

Verkefnasjóður I, sem myndaðist vegna seinkunar á starfsemi FA á fyrstu starfsárunum, var nýttur að hluta til á árinu þó ekki í jafn miklum mæli og gert hafði verið ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Um áramót voru 8 milljónir ónýttar. Þetta skýrist af vaxtatekjum og að verkefnum við nemendabókhald lauk ekki á árinu.

Unnin var ítarleg greiðsluáætlun fyrir fimmta starfsár félagsins. Tekjur voru áætlaðar 373,2 milljónir kr. en urðu kr. 349,2 milljónir eða 24 milljónum kr. lægri en áætlað hafði verið. Þá þarf að taka tillit til að teknar hafa verið frá fyrirframgreiðslur vegna ólokinna verkefna að upphæð rúmlega 39 milljónir kr. Útgjöld voru áætluð 373,2 milljónir kr. en urðu um 354,6 milljónir kr. eða 19 milljónum kr. lægri en áætlað var. Minni fjármunum var varið til vottaðra námsleiða, námsráðgjafar og til uppbyggingar nemendabókhalds.

Aukning tekna var 82% milli ára, aukning tekna frá ríkissjóði var 91%, en aukning sértekna 48%. Í aukningu tekna frá ríkissjóði munar mest um 109 milljónir kr. vegna nýrra verkefna. Varðandi sértekjur er aukning í öllum liðum, en mest í verkefnatekjum og húsaleigutekjum. Aukning útgjalda milli árana 2007 og 2006 var 79% og fylgir sú útgjaldaaukning auknum tekjum og almennum kostnaðarhækkunum.

Um frekari upplýsingar vísast í ársreikning félagsins.

## Samstarfsvettvangur ASÍ og SA

**ASÍ og SA reka Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. til að sinna verkefnum samkvæmt þjónustusamningi, auk þess að þjóna sameiginlegum fræðslustofnunum sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Samningsaðilar móta sameiginlega stefnu um einstök samstarfsverkefni en FA mun stjórna framkvæmd þeirra að viðhöfðu samráði við menntamálaráðuneytið. (Úr þjónustusamningi)**

### Húsfélag

Sem lið í þjónustu við fræðslustofnanir á vegum ASÍ og SA hefur FA boðið upp á húsnæðissamstarf. Markmiðið er m.a. að byggja upp þekkingarsetur í fullorðinsfræðslu með samstarfsaðilunum. Mímir – símenntun, Mennt, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla, Landsmennt, starfsmenntun Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni og Rannsóknarsetur verslunarinnar hafa leigt húsnæði af FA. Auk þess eru hinir nýju sjóðir Ríkismennt og Sveitamennt vistaðir hjá Landsmennt. Háskólinn á Bifröst kom inn í húsnæðissamstarf á árinu og flutti Rannsóknarsetur verslunarinnar í stærra rými með Háskólanum. Mennt hætti störfum á miðju ári og er því ekki lengur í húsnæðissamstarfinu. Rúmt er um starfsemina

sem er öll á einni hæð. Auk skrifstofuaðstöðu er í húsakynnum FA aðstaða fyrir fjarfundi, tvö fundarherbergi og ein kennslustofa. Mímir – símenntun hefur á sínum snærum 8 kennslustofur auk skrifstofuhúsnæðis. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa heimild til að nýta vinnu- og fundaraðstöðu hjá FA. Húsnæðið í Skeifunni 8 er nokkuð stærra en fræðslusamfélagið hefur þörf fyrir núna. Þetta gefur aukna möguleika bæði á húsnæðissamstarfi við fleiri fræðsluaðila en ekki síður vaxtarmöguleika fyrir núverandi samstarfsaðila. Meðan húsnæðinu hefur ekki verið ráðstafað til samstarfsaðila er það leigt út til óskyldrar starfsemi. Þegar þessi greinargerð er skrifuð er húsnæðið í fullri nýtingu.

FA er með samning við Skýrr um kerfisleigu. Öll gagnavistun er því mjög örugg. FA hefur aðgang að svokölluðu FS neti og getur því átt hraðvirk samskipti í fjarfundarbúnaði við alla fræðsluáðila, sem eru inni á FS netinu.

FA annaðist ráðningu á sameiginlegum starfsmanni til að annast ýmis skrifstofustörf fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Mími-símenntun snemma á árinu 2007. Í maí-mánuði gerði Landsmennt samning við FA um þjónustu sameiginlegs starfsmanns.

### ***Þjónustu- og samstarfssamningar gerðir á árinu***

Þjónustusamningur við Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar, Sjávarútvegsráðuneytinu um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 12. janúar 2007.

Samningur við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks (SVS) og Fagråd verslunar- og þjónustugreina (FVÞ) um eflingu fagmenntunar á sviði verslunar og þjónustu með því að annast ákveðin viðfangsefni á sviði fagmenntunar, eftirmenntunar og fræðslumála í umboði Fagráðs verslunar- og þjónustugreina. Samningurinn var undirritaður 11. janúar 2007.

Þjónustusamningur við IÐUNA fræðslusetur um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 15. maí 2007.

Samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi, við IÐUNA fræðslusetur. Samningur var undirritaður 15. maí 2007.

Samningur um ráðgjöf og raunfærnimat við IÐUNA fræðslusetur. Samningurinn var undirritaður 15. maí 2007.

Þjónustusamningur við Þekkingarnet Austurlands um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við

fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 25. maí 2007.

Samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi við Þekkingarnet Austurlands. Samningurinn var undirritaður 25. maí 2007.

Samningur um náms- og starfsráðgjöf við Þekkingarnet Austurlands. Samningurinn var undirritaður 25. maí 2007.

Þjónustusamningur við Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 31. maí 2007.

Samningur um ráðgjöf og raunfærnimat við Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Samningurinn var undirritaður 31. maí 2007.

Samningur við Starfsgreinasamband Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar um hönnun námskeiðs og námsskrárgerð til að bæta námsframboð og þjálfun starfsmanna í ferðaþjónustu sem og umsjón með samstarfsverkefni þessara aðila. Samningurinn var undirritaður 5. júní 2007.

### ***Eldri þjónustu- og samstarfssamningar***

Þjónustusamningur við Mími - símenntun um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006.

Samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi við Mími - símenntun. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006.

Samningur um náms- og starfsráðgjöf við Mími - símenntun. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006.

Þjónustusamningur við Fræðslunet Suðurlands um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006.

Samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi við Fræðslunet Suðurlands. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006.

Samningur um náms- og starfsráðgjöf við Fræðslunet Suðurlands. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006.

Þjónustusamningur við Fræðslunet Austurlands um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006. Felldur úr gildi 25. maí 2007.

Samningur við Fræðslunet Austurlands um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006. Felldur úr gildi 25. maí 2007.

Samningur um náms- og starfsráðgjöf við Fræðslunet Austurlands. Samningurinn var undirritaður 17. mars 2006. Felldur úr gildi 25. maí 2007.

Þjónustusamningur við Farskólann - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 10. apríl 2006.

Samningur við Farskólann - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi. Samningurinn var undirritaður 10. apríl 2006.

Samningur við Farskólann - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra um náms- og starfsráðgjöf. Samningurinn var undirritaður 10. apríl 2006.

Þjónustusamningur við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 11. apríl 2006.

Samningur við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi. Samningurinn var undirritaður 11. apríl 2006.

Samningur við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar um náms- og starfsráðgjöf. Samningurinn var undirritaður 11. apríl 2006.

Þjónustusamningur við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 12. apríl 2006.

Samningur um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Samningurinn var undirritaður 12. apríl 2006.

Samningur um náms- og starfsráðgjöf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Samningurinn var undirritaður 12. apríl 2006.

Þjónustusamningur við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Samningur við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Samningur um náms- og starfsráðgjöf við Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Þjónustusamningur við Þekkingarsetur Þingeyinga um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Samningur við Þekkingarsetur Þingeyinga um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Samningur við Þekkingarsetur Þingeyinga um náms- og starfsráðgjöf. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006.

Þjónustusamningur við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum. Samningurinn var undirritaður 31. maí 2006.

Samningur við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi um greiðslur til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi. Samningurinn var undirritaður 31. maí 2006.

Samningur við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi um náms- og starfsráðgjöf. Samningurinn var undirritaður 31. maí 2006.

Samningur við Starfsgreinasamband Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar um að bæta námsframboð og þjálfun starfsmanna í ferðaþjónustu. Samningurinn var undirritaður 11. maí 2006. Verkefninu er lokið.

Þjónustusamningur við Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja um samstarf með það að markmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla

grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnu-  
markaðinum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum.  
Samningurinn var undirritaður 1. júní 2006.

Samningur við Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja um greiðslur  
til vottaðs náms, sem metið hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi.  
Samningurinn var undirritaður 1. júní 2006.

Samningur við Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyjum náms-  
og starfsráðgjöf a. Samningurinn var undirritaður 1. júní 2006.

Samstarfssamningur við Alcan á Íslandi um að veita fólki á vinnumarkaði með  
litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á  
vinnumarkaði. Samningurinn var undirritaður 19. september 2006.

Samningur við Betri lausnir um þarfagreiningu, samanburð á leiðum og verk-  
efnisstjórn við innleiðingu á hugbúnaðarlausnum sem henta starfsemi verkkaupa  
og samstarfsaðila hans. Samningurinn var undirritaður 24. nóvember 2006.

Samningur við Oviedo Chamber of Commerce á Spáni um þátttöku í Leonardo  
verkefninu CREAC. Samningurinn var undirritaður 5. desember 2006.

Samningur við Samtök verslunar- og þjónustugreina, VR og Verzlunarskóla Íslands  
um mat á óformlegu námi, kennslufræðinámskeið, verkefnisstjórnun og eftirfylgni,  
árangursmælingar og endurskoðun vegna tilraunaverkefnis í verslunarfagnámi.  
Samningurinn var undirritaður 9. september 2004. Verkefninu er lokið.

Samningur við Menntafélag byggingariðnaðarins (nú IÐAN) um námsskrárgerð og  
mat á óformlegu námi fyrir byggingarverkamenn. Samningurinn var undirritaður  
17. nóvember 2004. Námsskrár hafa verið samþykktar til tilraunakeyrlu.

Samningur við Félagsmálaskóla alþýðu um samstarf með það að meginmarkmiði  
að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér  
menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum. Samningurinn var  
undirritaður 28. júní 2005.

Samningur við menntaáætlun Evrópusambandsins um tilraunaverkefni á sviði  
raunfærimats í atvinnulífinu. Verkefnið ber nafnið The Value of Work (VOW).  
Samningur var undirritaður 19. september 2005. Samningurinn er til tveggja  
ára. Verkefninu lýkur í ársbyrjun 2008.

Við Eimskipafélag Íslands um samstarf með það að meginmarkmiði að veita fólki  
á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða  
bæta stöðu sína á vinnumarkaðinum. Samningurinn var undirritaður 1. desem-  
ber 2005. Námsskrá Vöruflutningaskólans hefur verið gefin út.

### **Verkefnasamningar gerðir á árinu**

Við Mími-símenntun um greiningu fræðsluþarfa og hönnun náms fyrir starfsmenn Eflingar-stéttarfélags hjá umhverfis- og tæknisviði Reykjavíkurborgar. Samningurinn var undirritaður 10. janúar 2007.

Við Alfonso Alvarex Lafuente um að annast mat á síðari hluta Leonardo-verkefnisins Value of Work. Samningurinn var undirritaður 14. mars 2007. Verkefninu er lokið.

Við Starfsafl og Eflingu-stéttarfélag um greiningu á fræðsluþörfum starfsfólks við ræstingar með það fyrir augum að sett verði saman námstilboð. Samningurinn var undirritaður 26. mars 2007. Verkefninu er lokið.

Við Mími-símenntun um greiningu fræðsluþarfa, hönnun náms og ritun námskrár vegna starfsmanna Eflingar-stéttarfélags sem starfa við ræstingar. Samningurinn var undirritaður 27. mars 2007. Verkefninu er lokið.

Við Suomen Kansanopistoyhdistys – Finlands Folkhögskoleförening um greina-skrif fyrir Dialog Web í samvinnu við NVR ritstjórnina. Samningurinn var undirritaður 30. mars 2007 og gildi til loka júní 2007. Verkefninu er lokið.

Við Nationellt centrum för flexibelt lärande, CFL, um starf sérfræðings í tengsla-neti NVL. Samningurinn var undirritaður 23. febrúar 2007. Samningurinn er til tveggja ára.

Við menntamálaráðuneytið um tillögu að námsskrá fyrir grunnnám í íslensku sem ætluð er aðfluttum einstaklingum af erlendum uppruna með litla eða enga getu í málinu. Samningur var undirritaður 6. júní 2007. Verkefninu er lokið.

Við Mennt samstarfsvettvang atvinnulífs og skóla um þjónustu og rekstur á starfsemi Menntar. Samningurinn var undirritaður 15. júní 2007. Samningurinn var felldur úr gildi án þess að hann hefði komið til framkvæmda í október 2007.

Við Starfsafl – starfsmennt samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins um þróun og undirbúning námsframboðs fyrir félagsmenn stéttarféлага sem starfa við öryggisgæslu. Samningurinn var undirritaður 25. júní 2007.

Við Mími-símenntun um að skrifa námsskrá fyrir starfsmenn leikskóla. Samningurinn var undirritaður 25. júní 2007. Verkefninu er lokið.

Við IÐUNA fræðslusetur um gerð gátlista fyrir raunfærnimat samkvæmt námsskrá á húsasmíðabraut að undanskildum almennum greinum. Samningurinn var undirritaður 5. október 2007. Verkefninu er lokið.

Við IÐUNA fræðslusetur um gerð gátlista fyrir raunfærnimat samkvæmt námsskrá í bílgreinum þ.e. bifvélavirkjun, bílasmíði og bílamálun að undanskildum almennum greinum. Samningurinn var undirritaður 5. október 2007. Verkefninu er lokið.

Við Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins um gerð gátlista fyrir raunfærnimat samkvæmt námsskrá í rafiðngreinum þ.e. rafvirkjun að undanskildum almennum greinum. Samningurinn var undirritaður 12. október 2007. Verkefninu er lokið.

Við IÐUNA fræðslusetur um gerð gátlista fyrir raunfærnimat samkvæmt námsskrá í málaraíðni að undanskildum greinum sem eru sameiginlegar með öðrum byggingargreinum. Samningurinn var undirritaður 3. desember 2007. Verkefninu er lokið.

Við IÐUNA fræðslusetur um gerð gátlista fyrir raunfærnimat samkvæmt námsskrá í hársnyrtiðni að undanskildum greinum sem eru sameiginlegar með öðrum starfsgreinum. Samningurinn var undirritaður 3. desember 2007. Verkefninu er lokið.

Við IÐUNA fræðslusetur um gerð gátlista fyrir raunfærnimat samkvæmt námsskrá fyrir framreiðslugreinar að undanskildum greinum sem eru sameiginlegar með öðrum starfsgreinum. Samningurinn var undirritaður 3. desember 2007. Verkefninu er lokið.

Við IÐUNA fræðslusetur um gerð gátlista fyrir raunfærnimat samkvæmt námsskrá í kjötiðni að undanskildum greinum sem eru sameiginlegar með öðrum starfsgreinum. Samningurinn var undirritaður 3. desember 2007. Verkefninu er lokið.

Við Mennt – Samstarfsvettvang atvinnulífs og skóla um að taka yfir framkvæmd verkefnisins RECALL, sem Mennt stýrði með styrk frá Leonardó da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins með samþykki Landskrifstofu Leonardó á Íslandi. Samningurinn var undirritaður 20. desember 2007.

### ***Eldri verkefnasamningar***

Við Kristínu Ástgeirsdóttur, Háskóla Íslands, um að leiða starf í norrænu verkefni, Þankabankanum, um framtíðar færnikröfur á norrænum vinnumarkaði. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006. Verkefninu er lokið.

Við Leena Jokinenen, Finland Futures Research Centre, Turku School of Economics um þátttöku í norrænu verkefni, Þankabankanum, um framtíðar færnikröfur á norrænum vinnumarkaði. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006. Verkefninu er lokið.

Við Arne Carlsen, um þátttöku í norrænu verkefni, Þankabankanum, um framtíðar færnikröfur á norrænum vinnumarkaði. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006. Verkefninu er lokið.

Við Harry Bjerken, um þátttöku í norrænu verkefni, Þankabankanum, um framtíðar færnikröfur á norrænum vinnumarkaði. Samningurinn var undirritaður 10. maí 2006. Verkefninu er lokið.

Við Alfonso Alvarex Lafuente um að annast mat á Leonardoverkefninu Value of Work. Samningurinn var undirritaður 12. júní 2006. Verkefninu er lokið.

Við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum vegna námsskrárgerðar á „Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun“, sem ætlað er fullorðnum með lestrar- og stafsetningarörðugleika byggt á hugmyndafræði og framkvæmd samnefnds námskeiðs, sem Rannveig Lund stóð fyrir í samstarfi við MSS. Samningur var undirritaður 16. október 2006. Verkefninu er lokið.

Við Áslaugu Björt Guðmundardóttur um þróun undirviðmiða fyrir sett viðmið um þekkingarþörf starfsmanna í bönkum í verkefninu The Value of Work ásamt þróun aðferðafræði og framkvæmd sjálfsmats og matsáætlunar fyrir þátttakendur í verkefninu og í samstarfi við fræðslustjóra bankanna og verkkaupa. Verkefninu er lokið.

Við Eflingu - stéttarfélag um greiningu á fræðsluþörfum starfsmanna Umhverfis- og tæknisviðs Reykjavíkurborgar með það fyrir augum að setja saman námstilboð fyrir þá. Samningurinn var undirritaður í desember 2006. Verkefninu er lokið.

Við Landspítala – háskólasjúkrahús vegna verkefnisins „Mannauður í þekkingarfyrirtæki á fjölþjóðlegum vinnustað“. Samningurinn var undirritaður 17. ágúst 2005. Verkefninu er lokið.

## Markhópur FA

**Meginmarkmiðið með verkefnum samkvæmt samningi þessum er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. (Úr þjónustusamningi)**

Með reglulegum hætti er safnað saman efni um markhóp FA. Á árinu voru nýjar upplýsingar frá Hagstofu Íslands skoðaðar, bæði menntunarstaða starfandi fólks á vinnumarkaði, atvinnuþátttaka og atvinnuleysi. Einnig var skoðuð sérstaklega fjölgun útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Fylgst var með útgáfu efnis frá OECD.

### **Úrvinnsla á gögnum sem Hagstofa Íslands hefur safnað**

Í árslok 2005 hófst undirbúningur að samstarfi við Félagsvísindastofnun HÍ og menntamálaráðuneytið um vinnslu á gögnum sem Hagstofa Íslands safnaði í vinnu- markaðskönnun árið 2003. Niðurstöður voru væntanlegar í skýrslu á árinu 2006 og var fyrstu drögum skilað þá. Endanleg skýrsla hafði ekki borist í árslok 2007.

## Námsleiðir

- a) **Að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, óháð búsetu á landinu. Afla skal upplýsinga um markhópinn, styðja fræðsluaðila við að skilgreina**

## **menntunarfirir markhópsins og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þeim þörfum.**

### ***Skilgreiningar á menntunarbörf***

Markmiðið með samstarfssamningum við fræðsluaðila er að gera námsleiðir viðkomandi aðila fyrir markhóp FA aðgengilegar og gagnsæjar með það fyrir augum að hægt sé að fá þær metnar til eininga á framhaldsskólastigi, tryggja framkvæmd samstarfsaðilans á svæði sínu en jafnframt er leitast við að auðvelda framkvæmd námsleiða sem víðast á landinu. Einnig er markmiðið að búa til nýjar námsleiðir fyrir hópa sem ekki hafa notið fræðslu áður. Í því skyni býður Fræðslumiðstöðin fræðsluaðilum og öðrum samstarfsaðilum upp á samstarf um þarfagreiningar og í framhaldi af því lýsingu í námsskrá og mat til eininga á framhaldsskólastigi. Þrjár þarfagreiningar fóru fram á árinu:

Fyrir námsskrárgerð vegna starfa félagsmanna Eflingar-stéttarfélags á umhverfis- og framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar. Gerð samkvæmt samningi við Mími-símenntun. Skilað í maí 2007.

Fyrir námsskrárgerð vegna starfa hjá öryggisfyrirtækjum. Unnin af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Skilað í júlí 2007.

Fyrir námsskrárgerð vegna starfa félagsmanna Eflingar-stéttarfélags í ræstingum, bítibúrum og þvottahúsum. Unnið af Mími-símenntun. Skilað í maí 2007. Endurbætt og skilað í júlí 2007.

### ***Nýjar námsleiðir***

Á árinu 2007 voru gefnar út 6 námsskrár; Fagnámskeið fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu, 198 kennslustundir að lengd, ætlað þeim sem aðstoða, annast um að hlynna að sjúkum, fötluðum og öldruðum á einkaheimilum eða stofnunum. Fagnámskeið starfsmanna leikskóla, 210 kennslustundir að lengd, ætlað þeim sem starfa á leikskólum og hafa hug á að sækja nám á leikskólalabru framhaldsskóla. Færni í ferðapjónustu I, 60 kennslustundir að lengd, ætlað starfsmönnum í ferðapjónustu eða þeim sem stefna að starfi í greininni. Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk, 60 kennslustundir að lengd, ætlað þeim sem starfa við verkun og vinnslu sjávarafra. Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun, 60 kennslustundir að lengd, ætlað þeim sem etja við lestrar- og ritunarerfiðleika. Þjónustuliðar – grunnnám, 60 kennslustundir að lengd, ætlað þeim sem starfa við ræstingar, hreingerningar, sóttthreinsun eða starfa í bítibúrum, borðstofum, kaffistofum, matsölum og þvottahúsum.

Á árinu var jafnframt unnið að eftirtöldum námsleiðum; Trúnaðarmannanámskeið I, 81 kennslustund, ætlað trúnaðarmönnum á vinnustöðum. Trúnaðarmannanámskeið II, 61 kennslustund, ætlað trúnaðarmönnum á vinnustöðum. Öryggisvarðanám, 300 kennslustunda nám ætlað þeim sem vinna hjá fyrirtækjum sem annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni. Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum, 300

kennslustundir, einkum ætlað starfsmönnum, sem hófu nám í iðngrein en luku ekki almennum bóklegum áföngum, sem krafist er fyrir lokapróf. Nám á umhverfis- og framkvæmdasviði sveitarfélaga, 200 kennslustundir, ætlað þeim sem starfa á umhverfis- og framkvæmdasviði sveitarfélaga.

Þrjár námsskrár voru endurprentaðar á árinu. Jarðlagnatækni, Verslunarfagnám og Grunnám fyrir skólaliða.

### **Dreifing á námsskrám FA**

Markmiðið er að koma tilbúnum námsleiðum á framfæri við samstarfsaðila FA, svo þær standi markhópi FA til boða óháð búsetu. Í þessu skyni eru útgefnar námsskrár sendar til allra samstarfsaðila FA og fræðslusjóða sem láta sig nám markhópsins varða. Það er einnig markmið að auðvelda framhaldsskólum að meta nám við inntöku nemenda og eru námsskrárnar því einnig sendar öllum framhaldsskólum. Jafnframt eru þær birtar á vef FA [www.frae.is](http://www.frae.is)

### **Gæði námsleiða**

Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að tryggja að gæði fræðslunnar séu sem allra best hjá framkvæmdaraðilum námsins, en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sér **ekki** um framkvæmd námsins. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir hins vegar kröfu á samstarfsaðila sína um að þeir framfylgi almennum samningsskilmálum FA, m.a. um gæði í framkvæmd og kennslu. Til að sinna þessu hefur verið unnið að eftirfarandi verkefnum:

### **Sérfræðihópur FA**

Hópur sérfræðinga er FA til ráðuneytis um kennslufræðileg málefni. Hópin skipa Hróbjartur Árnason, KHÍ, Guðrún Geirsdóttir, HÍ og Anna Þóra Baldursdóttir, HA. Sérfræðingahópur FA fundaði í febrúar árið 2007.

### **Gæðaviðmið endurskoðuð**

Meginafurð gæðastarfs innan FA er *Leiðarvísir um gæðastarf – Gæðaviðmið Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og samstarfsaðila*, sem gefinn var út árið 2005. Við framsetningu viðmiðanna var höfð hliðsjón af Leonardo verkefnum ALL og RECALL, en þau miða að því að útbúa gæðaúttektarkerfi til að halda utan um gæðaeftirlit á fræðsluaðilum í fullorðinsfræðslu. Í ljósi viðbragða frá samstarfsaðilum voru gæðaviðmiðin endurskoðuð í febrúar 2006 og sett á vefsíðu FA. Þau hafa verið í notkun hjá fræðsluaðilum síðan til aðlögunar og prófunar.

Í lok árs 2007 gerði FA könnun meðal samstarfsaðila á notkun gæðaviðmiðanna, svör fengust frá sex af tíu samstarfsaðilum. Allir þeir sem svöruðu sögðust notast að einhverju leyti við viðmiðin til að auka gæði starfsemi sinnar. Algengast var að fræðsluaðilar styddust við eftirtalda kafla í handbókinni:

- 0.a Hlutverk FA og hugmyndafræði
- 1.b Upplýsingar til leiðbeinanda
- 1.c Upplýsingar frá leiðbeinendum til fræðsluaðila
- 1.d Varðveisla og skráning gagna
- 2.a Færni viðmið fyrir leiðbeinendur
- 2.b Framkoma leiðbeinanda við námsmenn
- 2.c Upplýsingastreymi til námsmanna
- 3.a Mat á árangri námsmanna
- 3.b Mat á framkvæmd náms

FA stefnir að því að endurskoða gæðaviðmið sín árið 2008 m.a. með hliðsjón af niðurstöðum Leonardo verkefnisins RECALL *Recognition of quality in lifelong learning*. Einnig verður haft að leiðarljósi að gera þau einfaldari í notkun, en ósk kom fram um það í úttektarskýrslu um starfsemi FA.

### **Viðmið um úrvalsnámsefni**

Unnið var að gerð viðmiða um úrvalsnámsefni, sem hentar nýrri námsskrá í íslensku fyrir útlendinga á vinnumarkaði. Þetta verkefni var unnið í starfshópi um námsefni í íslensku fyrir útlendinga. Afurðir verkefnisins eru m.a. mælistika með leiðbeiningum. Mælistikan gefur nokkuð nákvæman ramma um þá þætti sem eru afgerandi fyrir árangursríkt námsefni og notkun þess við nám og kennslu. Hún gegnir jafnframt því hlutverki að vera leiðarvísir fyrir námsefnishöfunda og fræðsluaðila og matstæki fyrir eftirlitsaðila, en nýtist um leið fleirum í almennri gæðaviðleitni. Mælistika þessi er nýsköpunarverkefni og mun því þurfa að slípast og þróast við notkun en reynt var að prófa hana eins og unnt er við fyrstu gerð. Sjá nánar í kafla um íslensku fyrir útlendinga á vinnumarkaði.

### **Upplýsingaöflun og miðlun**

Arnbjörn Ólafsson sótti fund í sérfræðinganeti NVL um gæðamál dagana 6.-7. september á Álandseyjum.

Guðfinna Harðardóttir og Fjóla María Lárusdóttir sóttu RECALL ráðstefnu um gæði í fullorðinsfræðslu og vottun fræðsluaðila í Leiria í Portúgal 18.-20. október 2007.

Guðfinna Harðardóttir situr fyrir hönd FA í bakhópi í Norrænu neti um gæðamál í fullorðinsfræðslu. Sá hópur fundaði 18. desember 2007 á Íslandi. Innan FA er einnig starfandi bakhópur um gæðamál í fullorðinsfræðslu.

Á árinu 2007 vann FA áfram að því að upplýsa atvinnurekendur, stjórnvöld, stéttarfélag og almenning um notkun á ýmsum hjálpartækjum við lestur og skrift. Meðal annars var gefinn út bæklingurinn *Virkjum kraft lesblindra* í samvinnu við Landsmennt, Tölvumiðstöð fatlaðra og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Auk þessa starfs stendur kennslufræðimiðstöð FA fyrir námskeiðum í fullorðinsfræðslu, sem hafa það markmið að bæta gæði í námi fullorðinna á vegum samstarfsaðilanna. Gerð er grein fyrir þessu starfi undir liðnum kennslufræðimiðstöð.

### **Upplýsingar frá símenntunarmiðstöðvum**

Árlega eru teknar saman upplýsingar frá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum um starfsemi undangengins árs. Þessi upplýsingasöfnun er liður í því að skoða þarfir markhópsins fyrir námstilboð. Gerð var grein fyrir þessari upplýsingasöfnun í greinargerð síðasta árs til menntamálaráðuneytisins.

## **Mat á óformlegu námi og raunfærni**

**b) Að þróa aðferðir við mat á óformlegu námi og námsárangri í samvinnu við menntamálaráðuneytið, atvinnulífið og fræðsluaðila ásamt því að þróa aðferðir við mat á raunfærni einstaklinga. FA skal vinna með menntamálaráðuneytinu að stefnumótun, uppbyggingu kerfis og prófun á því bæði fyrir fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun svo og faglærða starfsmenn á vinnumarkaði. Unnið skal að öllum þáttum raunfærnimats; til styttingar á námi, bættrar stöðu á vinnumarkaði, svo og almennrar færniuppbyggingar. Einnig skal FA þróa aðferðir við uppbyggingu námsferilsskrár (nemendabókhalds) í samstarfi við fræðsluaðila og menntamálaráðuneytið þar sem tekið verði mið af mati á óformlegu námi og raunfærni. (Úr þjónustusamningi)**

Mat á óformlegu námi fer fram í matsnefnd á vegum menntamálaráðuneytisins, en ráðuneytið staðfestir síðan matið. Í nefndinni eru Ólafur Grétar Kristjánsson og Þórir Ólafsson frá menntamálaráðuneytinu, Frímann Helgi Ingason, fyrir hönd Félags framhaldsskóla, og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, FA. Matsnefndin hélt fjóra fundi á árinu 2007 og lagði til að menntamálaráðuneytið staðfesti mat á 8 námsskrám til styttingar á námi í framhaldsskóla.

### **Mat á námsskrám**

Í febrúar staðfesti menntamálaráðuneytið að meta mætti tvær námsleiðir til styttingar náms á framhaldsskólastigi. Um er að ræða Skref til sjálfshjálpar hannað af Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, 60 kennslustundir, metið til allt að 5 eininga, Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk, hannað af Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar, 60 kennslustundir, metið til allt að 5 eininga. Í nóvember staðfesti menntamálaráðuneytið að meta mætti fjórar námsleiðir til styttingar náms á framhaldsskólastigi. Um er að ræða Fagnámskeið fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og

félagsþjónustu, hannað af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 198 kennslustundir, metið til allt að 15 eininga, einnig má meta hverja námslotu til allt að 5 eininga. Fagnámskeið starfsmanna leikskóla, hannað af Mími-símenntun, 210 kennslustundir, metið til allt að 17 eininga. Færni í ferðaþjónustu I, hannað af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í samstarfi við stýrihóp hagsmunaaðila, 60 kennslustundir, metið til allt að 5 eininga. Þjónustuliðar – grunnám, hannað af Mími-símenntun, 60 kennslustundir, metnar til allt að 5 eininga. Í desember staðfesti menntamálaráðuneytið að meta mætti tvær námsleiðir til styttingar náms á framhaldsskólastigi. Um er að ræða Trúnaðarmannanámskeið I, hannað af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu, 81 kennslustund, metið til allt að 6 eininga og Trúnaðarmannanámskeið II, hannað af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu, 61 kennslustund, metið til allt að 5 eininga. Ráðuneytið ritaði framhaldsskólunum bréf um málið en mat á námi á framhaldsskólastigi er í höndum skólameistara og er það ávallt einstaklingsbundið.

### ***Tillögur um fyrirkomulag raunfærnimats***

Í mars var skilað inn tillögum til menntamálaráðuneytisins vegna raunfærnimats til styttingar á námi í framhaldsskóla, en þetta verkefni hefur verið í forgangi hjá FA vegna þess hversu margir á vinnumarkaði hafa ekki lokið námi á framhaldsskólastigi. Við uppbyggingu kerfis til raunfærnimats er mikilvægt að tryggja að réttur til raunfærnimats sé tryggður, að niðurstöður matsins séu gildar á milli fræðsluaðila á sama stigi og innan hversrar stofnunar og að réttur fullorðinna til náms sé tryggður í kjölfar raunfærnimats. Lagt er til að tvær leiðir verði þróaðar, annars vegar raunfærnimat í framhaldsskólum og hins vegar raunfærnimat hjá fullorðinsfræðsluaðilum. Báðar leiðirnar þurfa að byggja á sömu grundvallar lög- málum og sömu gæðaviðmiðum. Mikilvægt er að vera í takt við þróun mála- flokksins í Evrópu. Menntamálaráðuneytið skipaði samstarfshóp til að vinna að framgangi þessara tillagna. Hópurinn er skipaður eftirtöldum fulltrúum: Ólafur Grétar Kristjánsson, Þórir Ólafsson og Sigurjón Mýrdal fyrir hönd menntamála- ráðuneytisins og Fjóla María Lárusdóttir og Heimir Guðjónsson fyrir hönd FA. Nefndin hélt 3 fundi á árinu.

### ***Tilraunaverkefni***

Mannauður í þekkingarfyrirtæki á fjölpjódlegum vinnustað: Líkan fyrir yfirfærslu þekkingar og færni á vinnustað. Verkefnið er unnið í samstarfi við Landspítala - háskólasjúkrahús, Eflingu - stéttarfélag með styrk frá Starfsmenntasjóði félags- málaráðuneytisins. Verkefnið miðar að því að greina þekkingu sem til staðar er í mannauði vinnustaðarins, leita leiða til yfirfærslu þekkingar innan hans, efla samstarf og starfsanda og gera starfsmönnum kleift að þroskast og þróast í starfi. Markhópurinn er einstaklingar sem starfa á öldrunarsviði, með skamma skólagöngu að baki og er sérstök áhersla lögð á þátttöku nýbúa. Um er að ræða nýsköpunarverkefni og má finna lokaskýrslu og afurðir verkefnisins á heimasíðu Landspítalans, en verkefninu lauk í byrjun árs 2007.

[http://www4.landspitali.is/lsh\\_ytri.nsf/htmlpages/index2.html#frettir\\_2735](http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/htmlpages/index2.html#frettir_2735)

FA gerði samning við Fræðsluráð hótél- og matvælagreina árið 2006 (nú IÐUNA) um að þróa aðferðafræði og tæki til skráningar, staðfestingar og mats á færni einstaklinga til styttingar á námi í matvæla- og veitingagreinum með vinnustaðanám í forgangi. Fræðsluráð hótél- og matvælagreina stýrði verkefninu og bar ábyrgð á fagtengdum ákvörðunum. Þróaðir hafa verið gátlistar og gæðaviðmið í vinnustaðanáminu. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annaðist sérfræðivinnu við verkefnið og heldur utan um þekkingu sem verður til í verkefninu og miðlar til annarra starfsgreina og eftir atvikum annarra sem gagn geta haft af niðurstöðum verkefnisins. Verkefninu lauk 2007.

FA hefur sinnt ráðgefandi hlutverki varðandi aðferðafræði og komið að undirbúningi og þjálfun matsaðila fyrir raunfærnimatsverkefni fyrir húsasmíði, rafiðnaðarmenn, málara, kjötiðnaðarmenn, þjóna og hársnyrtifólk.

### **Leonardo da Vinci tilraunaverkefni: VOW**

Samningur var undirritaður um tilraunaverkefni með styrk frá Leonardo da Vinci þann 19. september 2005. Heiti verkefnisins er Value of Work (VOW - Gildi starfa). Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stýrir verkefninu. Heildarkostnaður við verkefnið er 525.852 evrur og nemur styrkur Leonardo da Vinci menntaáætlunar Evrópu-sambandsins 394.289 evrum. Verkefninu lauk um áramótin 2007-8.

Markmið og tilgangur verkefnisins var að þróa aðferðir og tæki til að meta færni starfsmanna á vinnustað. Verkefnið gekk út á að prófa mat á færni út frá viðmiðum í tilteknum starfsgreinum og hanna leiðbeinandi efni sem getur nýst til yfirfærslu í önnur störf.

Á Íslandi varðar tilraunaverkefnið almenna starfsmenn í banka. Fagsviðið var fjármálafyrirtæki. Samstarfsaðilar FA í verkefninu hér á landi voru KB-banki, Landsbanki Íslands, Glitnir, Menntaskólinn í Kópavogi, SSF, VR, starfsgreinaráð verslunar- og þjónustugreina og menntamálaráðuneytið.

Erlendir samstarfsaðilar í verkefninu voru: Synthesis, Center for Research and Education Ltd á Kýpur, Danmarks Erhvervspædagogiske Læreruddannelse-DEL í Danmörku, Malmö Stad Valideringscentrum í Svíþjóð, Andragoski Center Slovenije í Slóveníu og National Institution for Adult Continuing Education, NIACE, í Bretlandi.

Á árinu 2007 var mikið starf unnið í verkefninu. Tveir fundir voru haldnir, sá fyrri á Kýpur dagana 29.-31. mars og sá síðari í Slóveníu 1-4. júlí. Fjóla María Lárusdóttir og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir sóttu báða fundina. Á fundinn í Slóveníu komu einnig fulltrúar úr hópi þátttakenda í hverju landi.

Tilraunaverkefni voru framkvæmd í 5 löndum af 6 þar sem færniviðmið og aðferðafræði við mat á raunfærni í atvinnulífinu voru prófuð og metin í samráði við hagsmunaaðila. Markmiðið var einnig að kanna hvort staðlar, aðferðafræði og tæki sem þróuð voru fyrir bankageirann geti nýst í öðrum geirum. Ísland, Danmörk og

Kýpur prófuðu módelið í bankageiranum, en Svíþjóð og Slóvenía í yfirfærslugeirum. Þetta tókst með ágætum og kemur reynsla af verkefninu fram í helstu afurðum þess, en þær eru eftirtaldar:

- Handbók um gerð viðmiða
- Handbók um aðferðir og tæki
- Mat á raunfærni í atvinnulífinu (leiðbeinandi bæklingur fyrir hagsmunaaðila)
- Alls útskrifuðust 19 bankastarfsmenn hjá Glitni, Landsbankanum og KB-banka

Matið var byggt á færnimöppu, sjálfsmati, viðtölum, mati yfirmanns og mati í gegnum raundæmi. Afurðirnar má finna á heimasíðu verkefnisins: [www.valueofwork.org](http://www.valueofwork.org).

Lokaráðstefna VOW var haldin á Grand Hótelu við Sigtún í Reykjavík 28. september s.l. Stefán Stefánsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, setti ráðstefnuna en Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, stýrði henni. Fjóra María Lárusdóttir, sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, gerði grein fyrir gangi verkefnisins, niðurstöðum og afurðum. Tveir víðkunnir erlendir sérfræðingar, þau Lorna Unwin og John Konrad, fluttu fyrirlestra. Þrjár málstofur voru á ráðstefnunni og skiluðu álitum í lok hennar. Rúmlega 60 skráðu sig til þátttöku á ráðstefnunni.

### **Leonardo tilraunaverkefni: CREAC**

Styrkur fékkst til tilraunaverkefnis sem ber nafnið CREAC frá Leonardo menntaáætlun Evrópusambandsins. Verkefnið fjallar um raunfærnimat í verslunargeiranum með áherslu á stjórnendur og sölufólk. Það er verslunarráð Oviedo á Spáni, sem stýrir verkefninu, en samstarfsaðilar ásamt FA eru Entente í Bretlandi, viðskiptaráð í Lyon í Frakklandi, vinnumálanefnd í Söðermanlandsléni í Svíþjóð, samtök iðnfyrirtækja í Frakklandi ásamt samtökum spænskra viðskiptaráða.

Á árinu 2007 voru haldnir tveir fundir í verkefninu. Fundað var í Birmingham á Englandi 30. maí til 2. júní og var tilgangur fundarins m.a. að kynna því kerfi sem Bretar hafa byggt upp. Einnig voru næstu verkefni skipulögð. Íslendingar tóku að sér að skrifa handbók fyrir ráðgjafa (Advisors Guide) meðan Bretar skrifuðu handbækur fyrir matsaðila (Assessors Guide) og einstaklinga (Candidate Guide). Þessar handbækur voru tilbúnar á ensku í október. Fulltrúi Íslands á fundinum var Björn Garðarsson, starfsmaður Fagráðs verslunar- og þjónustugreina, en hann hefur haldið utan um verkefnið af hálfu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Þriðji fundur verkefnahópsins var haldinn í Reykjavík 25.–26. október 2007. Þar var farið yfir framgang verkefnisins fram að því og farið yfir fyrirbyggjandi drög að handbókum. Ákveðið var í ljósi þess að öll þátttökulöndin hafa mótað með sér ferli um raunfærnimat að hvert land byggði á sínum grunni þegar kæmi að tilraunaverkefninu, en það verður keyrt hér á landi á fyrri hluta árs 2008. Undirbúningur og skipulag fundarins var á höndum Fræðslumiðstöðvarinnar og sá Björn Garðarsson um þann hluta auk þess að taka þátt í fundinum.

## **Leonardo tilraunaverkefni: OBSERVAL**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerðist meðlimur að hópi sem vinnur að uppbyggingu nokkurs konar gagnabanka um málefni tengd framvindu raunfærnimats í Evrópu. Verkefnið hlaut styrk frá Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins árið 2007 og mun vinnan hefjast af fullum krafti í byrjun ársins 2008. Samstarfsaðilar koma frá nær öllum aðildarlöndum ESB ásamt EFTA löndunum Íslandi og Noregi. Einnig á Sviss áheyrnarfulltrúa í hópnum.

Megináhersla OBSERVAL liggur á hagnýt málefni tengd framvindu raunfærnimats. Í hverju landi fyrir sig verður safnað saman upplýsingum um hvernig til hefur tekist með raunfærnimat og hverju matið hefur skilað. Meðal þess efnis sem safna á saman eru lög, reglugerðir, eyðublöð, kynningar, blaðagreinar, tölfraði og reynslusögur þeirra sem gengið hafa í gegnum matsferlið.

OBSERVAL er stýrt af EUCEN – *European University Continuing Education Network*. EUCEN er að grunni til belgísk stofnun sem hefur það að markmiði að efla símenntun innan háskólasamfélagsins og auka áhrif háskólasamfélagsins í þróun símenntunar í Evrópu. Félagar í EUCEN eru 212 talsins frá 42 löndum og aðalstöðvarnar eru í Barcelona. OBSERVAL verkefninu lýkur í desember 2010.

## **Upplýsingaöflun og fundir**

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir sótti PLA um EQF og raunfærnimat í Brussel dagana 30.-31. janúar.

Fjóla María Lárusdóttir fór á ráðstefnuna Recognition of prior learning: Nordic-Baltic experiences and European perspectives á vegum sérfræðingans NVL um raunfærnimat í Danmörku dagana 7.-8. mars 2007.

Haldin var raunfærnimatsráðstefna á vegum FA og NVL á Hótel Nordica 4. maí 2007. Sérfræðingar úr raunfærnimatsneti NVL miðluðu af reynslu sinni og einnig töluðu Antra Carlsen framkvæmdastjóri NVL og Patrick Werquin sérfræðingur hjá OECD. Ráðstefnugestir voru 76 talsins. Þann 5. maí fundaði sérfræðingarnetið.

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir fór í kynnisferð til Hollands með starfsmenntaráði dagana 8.-10. maí. Markmið ferðarinnar var að afla upplýsinga um raunfærnimat.

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir heimsótti VOX í Noregi 22.-23. ágúst til að afla upplýsinga um starfsemi þeirra, sem er að mörgu leyti hliðstæð starfi FA.

Heimir J. Guðjónsson fór á fund í sérfræðingarneti NVL um raunfærnimat á Álandseyjum dagana 6.-7. september 2007.

Fjóla María Lárusdóttir og Heimir J. Guðjónsson sóttu ráðstefnu um raunfærnimat; Lokaráðstefnu Leonardoverkefnisins EuroguideVal í Edinborg: The Professionalization of APEL (Accreditation of Prior Experiential Learning) Practitioners dagana 10.-12. september 2007.

Fjóla María Lárusdóttir fór á fund í sérfræðinganeti NVL um raunfærnimat í Linköping, Svíþjóð dagana 29.-30. nóvember 2007.

### **Önnur þróun**

Raunfærnimatsbæklingur FA var þýddur yfir á ensku til dreifingar á kynningum fyrir erlenda aðila og á heimasíðu FA. Einnig var unnið að samantekt á efni fyrir þjálfun matsaðila í raunfærnimati. Fjóla María Lárusdóttir hefur miðlað upplýsingum um raunfærnimat til nema í náms- og starfsráðgjöf í Háskóla Íslands. Einnig hafa ráðgjafanemar fengið kynningar á málaflokknum hjá FA.

### **Námsferilsskrár**

Markmið með uppbyggingu námsferilsskráa er að finna auðvelda leið til að halda utan um námsferil einstaklinga í formlegu og óformlegu námi, jafnframt því að halda utan um raunfærnimat einstaklinga, jafngildingu mats miðað við formlegt nám, staðfesta færni á vinnumarkaði og hugsanlega einnig aðra færni sem ekki hefur verið metin né staðfest. Árið 2006 var gerður samningur við Betri lausnir ehf um að gera þarfagreiningu hjá samstarfsaðilum FA til að geta gert gagnagrunn sem kemur til móts við sem flestar óskir þeirra. Vinnuhópur var settur á laggirnar til að vinna með Betri lausnum að verkefninu og vinna að nánari úrvinnslu einstakra þátta þarfagreiningarinnar. Í honum voru Guðmunda Kristinsdóttir frá FA, Björn Sigurjónsson frá Iðunni, Rósa S. Jónsdóttir frá Mími - símenntun, Jóhann Ingólfsson, frá Farskólanum, miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra og Björn Garðarsson frá Fagráði verslunar og þjónustugreina. Auk þeirra unnu Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Fjóla María Lárusdóttir, Guðfinna Harðardóttir og Ásmundur Hilmarsson að verkefninu. Niðurstaða þarfagreiningar lá fyrir í lok árs 2007. Undirbúningur hófst að verðkönnun vegna hönnunar gagnagrunnsins, en markmiðið er að nemendabókhald sé tilbúið til notkunar fyrir samstarfsaðila FA næsta haust.

## **Þróun aðferða í náms- og starfsráðgjöf**

### **c) Að þróa aðferðir í náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði og miðla sérfræðipekkingu með handleiðslu og kennslu. (Úr þjónustusamningi)**

Náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk í atvinnulífinu er nú starfrækt hjá öllum símenntunarmiðstöðvunum, Mími-símenntun, Iðunni-fræðslusetri og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins í gegnum samninga við FA. FA hefur leiðbeint ráðgjöfum á þessum nýja vettvangi með því að miðla þeirri aðferðafræði sem þróuð hafði verið til að ná til markhóps FA og veita ráðgjöf á vinnustað í tilraunaverkefninu Námsráðgjöf á vinnustað. Það er hlutverk FA að halda utan um samstarfsnet þessara ráðgjafa og veita þeim handleiðslu og ráðgjöf eftir megni. Ein námsstefna var haldin á árinu í samstarfi við NVL. Einnig voru haldnir þrjú fræðslu- og samráðsfundir.

## **Samráðsvettvangur**

Þann 15. janúar 2007 var haldin námsstefna í Norræna húsinu á vegum FA og NVL. Fræðslu- og samráðsfundur var haldinn í kjölfarið fyrir ráðgjafa og framkvæmdastjóra símenntunarmiðstöðvanna. Aðalfyrirlesari var Dr. Peter Plant, prófessor frá Kennaraháskólanum í Danmörku, en hann er frumkvöðull á sviði náms- og starfsráðgjafar á vinnustað. Kristín Njálisdóttir hjá Landsmennt fór yfir helstu stéttarfélög og skiptingu þeirra í sambönd, Haukur Harðarson hjá Mími-símenntun fjallaði um erlenda starfsmenn og Valgeir B. Magnússon hjá SÍMEY kynnti aðferðir til að nálgast markhópin í ráðgjöf. Alls mættu 59 þátttakendur á námsstefnuna (236 nemendastundir). 23 þátttakendur tóku þátt í fræðslu- og samráðsfundi að ráðstefnu lokinni, þar sem rætt var um framkvæmd ráðgjafar á vinnustað og samstarf í málaflokknum (69 nemendastundir).

Fræðslu og samráðsfundur var haldinn með ráðgjöfum og framkvæmdastjórum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna þann 26. apríl, 2007 á Selfossi. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir fór yfir árangursviðmiðin og sögðu samstarfsaðilar frá reynslu sinni og lögðu mat á viðmiðin. Gylfi Arnbjörnsson (ASÍ) og Guðrún Eyjólfsdóttir (SA) tóku þátt í umræðum. Alls voru 21 þátttakandi á fundinum (42 nemendastundir).

Fræðslu- og samráðsfundur var haldinn með ráðgjöfum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna þann 17. september 2007. Fundurinn stóð yfir í 9 kennslustundir. Sigrún Jóhannesdóttir var með stutt námskeið um eflingu í starfi, farið var yfir árangursviðmiðin og framkvæmd reynslugreining á verkefninu í hópum. Alls voru 22 þátttakendur (198 nemendastundir). Samtals nemendastundir 545.

## **Önnur þróunarverkefni**

Útbúin var Vefsíða fyrir ráðgjafa í verkefninu. Um er að ræða læstan gagnabanka sem inniheldur upplýsingar um verkefnið og stuðningsgögn fyrir framkvæmd og utanumhald ráðgjafarinnar.

## **Upplýsingasöfnun og miðlun**

Fjóla María Lárusdóttir tók þátt í ráðstefnu á vegum Menntaáætlunar Evrópusambandsins: „The voice of users in guidance“ sem haldin var í Slóveníu dagana 10.-11. maí. Þar kynnti hún verkefnið Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað sem stýrt var af Starfsafli. FA kom að tilraunaþáttum verkefnisins. Hlaut það viðurkenningu á ráðstefnunni.

Náms- og starfsráðgjafi FA tekur þátt í sérfræðingahópi um náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna á vegum Norræns tengslanets um nám fullorðinna (NVL). Þar hefur verið fjallað um stöðu náms- og starfsráðgjafar fyrir fullorðna á Norður-löndunum og er verið að kanna möguleika á samnorrænu námi í náms- og starfsráðgjöf með sérhæfingu á því sviði.

Fjóla María Lárusdóttir fór dagana 25.-26. maí til Stokkhólms í Svíþjóð vegna NVL sérfræðinganets um náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna.

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir sótti námskeið um árangursmælingar í námsráðgjöf þann 20. október í Reykjanesbæ.

Á árinu komu tveir nemar Háskóla Íslands, úr náms- og starfsráðgjafarnáminu, til að kynna sér starfsemi FA. Starfskynningarnar stóðu yfir í samtals 40 stundir.

Nemar í náms- og starfsráðgjöf hjá Háskóla Íslands hafa heimsótt FA og fengið upplýsingar og kynningar á náms- og starfsráðgjöf á vinnustað. Einnig hefur Fjóla María Lárusdóttir farið með innlegg um ráðgjöfina inn í meistaranámið í náms- og starfsráðgjöf í Háskólanum.

## Kennslufræðimiðstöð

### **d) Að þróa aðferðir í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun með sérstakri áherslu á markhópin og miðla sérfræðipekkingu með ráðgjöf og kennslu. (Úr þjónustusamningi)**

Almennt má segja að starfið á árinu 2007 hafi skilað sér í að áfram hafi verið fylgst með nýjungum og unnið að þróun námstækni- og kennsluaðferða sem hæfa markhópi FA.

### **Þróunarverkefni**

Unnið var að því að þróa nokkur gæðatæki út frá kennslufræði fullorðinna. Þar má nefna mælistiku um gæði námsefnis, sem byrjað var á 2006, en hefur verið þróuð áfram á árinu 2007 fyrir íslenskunámsefni handa útlendingum. Mælistikan er einnig hugsuð sem leiðarvísir fyrir námsefnishöfunda og tæki til að móta ný viðhorf gagnvart námsefni. Í tengslum við mælistikuna hefur verið útbúið námsefnisstoðkerfi sem hugsað er sem hjálpartæki fyrir fræðsluaðila við skipulagningu námsefnis og notkun á því í kennslu.

### **Námskeið**

Áfram hefur verið unnið að því að þróa grunnkennslufræðinámskeiðið Stiklur (20 kst.) sem ætlað er leiðbeinendum í fullorðinsfræðslu með áherslu á markhóp FA og hefur það verið haldið fjórum sinnum á árinu í samræmi við eftirspurn, tvisvar fyrir Mími símenntun, og styttri útgáfan, Styttur (10 kst.) fyrir Símey og Farskólannmiðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Haldin voru tvö dagslög námskeið fyrir kennara með námsskránni Skref til sjálfshjálpar sem ætlað er að auka lestrarfærni og sjálfstraust, en töluverður fjöldi í markhópi FA þurfa slíka þjálfun. Rannveig Lund og Eiríkur Ellertsson lestrarsérfræðingar önnuðust kennslu á þeim. Einnig hafa verið skipulögð og haldin eftirfarandi sérhæfð námskeið og fræðslufundir: Námskeið um sjálfsefningu og skapandi aðferðir við nálgun í starfi fyrir náms- og starfsráðgjafa (8 kst.), og sjálfsefning og hópefli fyrir trúnaðarmenn ASÍ (3 kst.) og Brunamálstofnun (8 kst.). Nemendastundir voru alls 1.221.

## **Gagnasafn**

Á árinu 2007 hefur áfram verið unnið að því að bæta gagnasafn FA (sjá [www.frae.is](http://www.frae.is) undir liðnum *bókasafn*) með ritum, myndefni, forritum og ýmsu kennsluefni og kennslutækjum (u.þ.b. 400 munir frá upphafi). Gagnasafnið miðar að því að efla starfsþróun starfsmanna FA og auðvelda þeim að kynna sér nýjungar á sviði fullorðinsfræðslu en jafnframt nýtist það samstarfsaðilum FA og öðrum sem eftir því leita. Innkaup í gagnasafnið voru rit um kennslufræði, handbækur fyrir starfsmenn FA, Vital lestrarforritið ásamt talgervlinum Snorra og skönnunarforritinu Iris sem þjónar því hlutverki að vera lesþjónn sem les upphátt tölvutækan texta og gjörbreytir þar með aðstöðu lesblindra og sjóndapurra til náms. Forritið var kynnt fyrir samstarfsaðilum FA á fundi hjá Kvasi og einnig á þeim Stiklunámskeiðum sem haldin voru á árinu.

Keyptar voru ýmsar handbækur og mynddiskar til námsefnisgerðar með áherslu á verslun og þjónustu og sýnishorn af námsefni fyrir íslenskukennslu og kennslu tungumála fyrir útlendinga ásamt ársáskrift að kennsluvefnum [www.bokochwebb.se](http://www.bokochwebb.se)

Einnig var á árinu settur upp vísir að kennslugagnasafni sem ætlað er til að aðstoða námsefnishöfunda við námsefnisgerð á sviði viðskipta og þjónustu og íslensku fyrir útlendinga. Miðað er við að námsefnishöfundar geti haft aðstöðu við gagnaöflun og vinnslu hjá FA og hafi þá um leið aðgang að ráðgjöf hjá sérfræðingum.

## **Upplýsingaöflun og miðlun í kennslufræði fullorðinna**

Ásmundur Hilmarsson sótti ráðstefnuna Learning in the workplace, í Kaupmannahöfn, 23. – 24. maí 2007.

FA tekur þátt í faghópi um kennslufræði fullorðinna (NVL Forum för vuxenpedagogik) á vegum norræns tengslanets um nám fullorðinna (NVL). Þar er fjallað um nýsköpun í námi fullorðinna og stefnt að því að útbúa samnorrænt námskeið fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu. Sigrún Jóhannesdóttir sótti fund faghópsins í Osló 8.-9. febrúar, hélt utan um fund á Íslandi 21.-22. maí og sótti ráðstefnu hópsins í Hässleholm í 25.-28. september.

Sigrún Jóhannesdóttir sótti einnig menntaráðstefnuna - **Creativity through diversity** – sköpun í krafti fjölbreytni og fjölmennningar. Ráðstefnan var á vegum Delta Kappa Gamma Society International. Hún var haldin í St. Mary's University College, Strawberry Hill, Twickenham, Bretlandi 1.-4. ágúst.

## **Náms- og starfsráðgjöf hjá símenntunarmiðstöðvum**

**e) Að meta, í samstarfi við menntamálaráðuneytið, þarfir fyrir einstaklingsmiðaða náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði með litla grunntun, móta inntak og framkvæmd þjónustusamninga**


## FA við miðstöðvar símenntunar á landsbyggðinni og Mími - símenntun á höfuðborgarsvæðinu og skilgreina aðferðir við mat á árangri. (Úr þjónustusamningi)

Samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið var ákveðið að verja 46,3 milljónum á árinu til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvunum og Mími – símenntun á árinu 2007. Allir til þess bærir aðilar gerðu viðaukasamninga um fjárframlag til ráðgjafarinnar. Auk árlegs framlags fékk Fræðslumiðstöð Vestfjarða einnig framlag ársins 2006, en þeim hafði ekki tekist að fá ráðgjafa til starfa það ár. Í árslok skuldfærðu tveir aðilar hluta fjárframlagsins vegna þess að þeir náðu ekki árangursmarkmiðum. Skuldfærslan nam kr. 4.3 milljónum.

Upplýsingar liggja nú fyrir um niðurstöður þessa samstarfs.

### Árangur í starfinu 2007

Haldnir voru 499 kynningarfundir í 437 fyrirtækjum. Fundina sóttu 4.486 einstaklingar og komu 1.581 í viðtal hjá ráðgjafa í framhaldi af kynningarfundum. Sjá mynd 1, Kynningar og viðtöl.




#### Mynd 1. Kynningar og viðtöl

Lagt er upp með þau vinnubrögð að fyrirtæki séu heimsótt og þar fari fram kynning á ráðgjöfinni. Einstaklingum er boðið að koma í viðtal í framhaldi af kynningum. Mynd 1 sýnir hlutfall milli þeirra sem komu í fyrsta viðtal annars vegar og fjölda á

kynningum hins vegar. Þetta hlutfall er mjög misjafnt eftir miðstöðvum eða lægst 17% og hæst 79%, meðaltalið er 35%.

Heildarfjöldi einstaklingsviðtala á árinu var 2.789 viðtöl, þar af var fjöldi endurkoma 518. Á mynd 2 má sjá samanburð árangursmarkmiða og þeirra einstaklingsviðtala sem fóru fram hjá símenntunarmiðstöðvunum. Endurskoðun árangursmarkmiða hefur staðið yfir á árinu. Fljótlega varð ljóst að þau höfðu verið of metnaðarfull og var heimiluð 40% lækkingun þeirra bæði vegna ársins 2006 og aftur vegna ársins 2007.




### Mynd 2. Markmið og árangur.

Árangursmarkmið á mynd 2 miðast við 40% lækkingu upphaflegra árangursviðmiða. Þegar þetta viðmið er notað hafa allar miðstöðvar náð markmiðum ársins eða farið yfir þau utan einnar. Auk þessara niðurstaðna, sem sýna ráðgjöfina á ársgrundvelli skulduðu 8 af 10 samstarfsaðilum viðtöl frá árinu 2006. Að teknu tilliti til þessarar skuldfærslu eru tveir fræðsluaðilar undir viðmiðum í árslok 2007. Starfið gengur því mun betur árið 2007 hjá miðstöðvunum heldur en árið á undan.

### Samanburður milli áráanna 2007 og 2006

Samanburður milli áráanna 2006 og 2007 sýnir mikla aukningu í þessari þjónustu við markhóp FA. Allir samstarfsaðilar FA hafa aukið fjölda viðtala milli áráanna. Hlutfallslega er aukningin mest hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi eða 852%, minnst hjá Mími-símenntun eða 18%, að meðaltali er aukningin 278%. Sjá mynd 3. Samanburður á fjölda einstaklingsviðtala milli ára.

Fjöldi einstaklingsviðtala 2006 og 2007



Mynd 3. Samanburður á fjölda einstaklingsviðtala milli ára.

### Tillögur að nýjum árangursmarkmiðum

FA hefur lagt til að árangursviðmiðum verði breytt. Miðað er við að 50% af greiðslu til símenntunarmiðstöðvar sé fast framlag til starfseminnar. Þetta framlag á að dekkja m.a. stjórnun, utanumhald, aðstöðu og tæki, skýrslugerð, gæðavinnu og fræðslufundi ásamt kynningar- og markaðsmálum. Kynningarfundir flokkast undir þennan lið og skal telja einstaklinga sem sækja kynningarfundir.

Hinn helmingur framlagsins er til einstaklingsviðtala og hópráðgjafar. Viðtölin eru verðlögð í tveimur flokkum, þ.e. dýrari viðtöl á Vestfirjörðum og Austurlandi vegna fjarlægðar og erfiðra skilyrða. Aðrar miðstöðvar eru með sama verð á viðtölum. Miðað er við að miðstöð skili af sér lágmarksfjölda viðtala. Fari miðstöð niður fyrir lágmark ber henni að endurgreiða þann fjölda viðtala sem á vantar á verði viðtals fyrir viðkomandi svæði. Ekki er greitt sérstaklega fyrir viðtöl umfram lágmark. Óskað verður eftir tíðari skilum á skýrslum um framvindu starfsins. Séu árangursmarkmið ekki uppfyllt með reglulegum hætti hjá miðstöð verður heimilt að stöðva greiðslur til miðstöðvarinnar.

Á árinu 2008 verður lögð sérstök áhersla á að búa til gæðaskilgreiningar í starfinu. Lagt er upp með að gera greinarmun á hvatningarviðtölum og náms- og starfsráðgjöf. Opnaður verður möguleiki á því að fleiri sinni hvatningarviðtölum en menntaðir náms- og starfsráðgjafar. Þar sem einkum er um námshvatningu og ráðleggingar um færniuppbyggingu að ræða geta fagaðilar eða sérfræðingar á tilteknum sviðum einnig annast verkefnið.

## Íslenska fyrir erlenda starfsmenn

### **f) Að láta útbúa námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn og þjálfra kennara/leiðbeinendur í notkun þess. (Úr þjónustusamningi)**

Aðalverkefni ársins 2007 var að gerður var sérstakur samningur við MRN um að FA tæki að sér að gera Íslenskunámsskrá fyrir útlendinga á vinnumarkaði sem miðaðist við 225 kennslustundir og var því verkefni lokið á árinu. Einnig voru lögð drög að námsefnispakka sem hentar með námsskránni og drög að kennslufræðinámskeiðum til að þjálfa kennara í notkun námsefnisins.

### **Starf stýrihóps**

Stýrihópur í íslensku hélt áfram þeirri starfsemi, sem hófst árið 2006, að þróa mælistiku sem hefur það hlutverk að leggja mat á gæði námsefnis og vera til leiðbeiningar fyrir námsefnishöfunda. Árið 2006 var fenginn íslenskukennari til að prófa mælistikuna og meta námsefni eftir 5 námsefnishöfunda með aðstoð hennar. Ákveðið var 2007 að fá fleiri álit um gæði sama námsefnis og á gagnsemi mælistikunnar við að meta námsefni og var leitað til annars íslenskukennara um að meta það. Stýrihópur vann síðan úr þeim matsgerðum sem fyrir lágu og aðlagði mælistikuna enn betur að hlutverkinu sem henni var ætlað og kom fram mikil samkvæmni milli matsaðila á gæðum námsefnisins og gagnsemi mælistikunnar.

Nokkur biðstaða varð svo um tíma í verkefninu þar sem ekki lá fyrir sú námsskrá sem námsefnisgerðin og þar með kennslufræðinámskeiðin áttu að miðast við.

### **Ný námsskrá**

Verkefnið skýrðist síðan þegar FA gekk til samninga við MRN í júní 2007 um að taka að sér að gera nýja námsskrá sem miðaðist við 225 kennslustunda nám samhlíða því að leggja fram hugmyndir um námsefni sem miðaðist við þá námskrá og skipuleggja kennslufræðinámskeið fyrir kennara sem koma til með að nota námsefnið.

Til að vinna að námsskrárgerðinni var talið nauðsynlegt að mynda annan hóp og fá til þess sérfræðinga á ýmsum sviðum, s.s. í evrópsku tungumálamöppunni. Samúel Lefever, lektor við KHÍ, tók að sér að leiða námsskrárgerðina. Svava Þorkelsdóttir námsskrárfræðingur og deildarstjóri deildar heilsu-, öryggis- og vinnuumhverfis á Skrifstofu starfsmannamála Landspítalans leysti af Þórleifi Drífu Jónsdóttur kennslufræðing og deildarstjóra deildar starfsþróunar og fræðslu hjá Skrifstofu starfsmannamála á Landspítalanum frá því í ágúst 2007 en hún var í veikindaleyfi. Þórleif Drífa Jónsdóttir bættist svo aftur í hópinn í nóvember. Einnig var lögð áhersla á að fá með í hópinn, Ingu Karlsdóttur, kennslufræðing og íslenskukennara sem ásamt Samúel o.fl. unnu námsskrána fyrir dómsmálaráðuneytið árið 2004.

Hóparnir tveir unnu svo samhliða en samræming var tryggð með sameiginlegum fundum þeirra með reglulegu millibili. Talið var mikilvægt að starfshópurinn um námsefnisgerð/tillögur yrði bakhópur við námsskrárgerðina og námsskrárhópurinn legði til hugmyndir og tillögur vegna námsefnisgerðar. Sameiginlegir fundir voru notaðir til að skiptast á skoðunum og hugmyndum sem tryggðu samhæfingu námsskrár og námsefnis.

### **Lokaniðurstöður**

Lokaniðurstöður birtast svo í þeim gögnum sem skilað var inn til ráðuneytisins um miðjan desember 2007. Þau voru:

Tillaga að námsskrá – með kennslufræðilegum inngangi

Greinargerð námsefnishóps með tillögum að grunnnáms efni fyrir námsskrá ásamt fylgiskjölum

Sýnishorn að námsefni sem hentar að nota með námsskrá en eftir er að aðlaga betur að námsskrá og ganga frá samningi við rétthafa um notkun

Ítarleg mælistika sem bæði nýtist sem gæðaviðmið fyrir námsefni og einnig sem leiðbeiningar fyrir námsefnishöfunda

Námsefnisstærkerfi sem styður við mælistikuna og virkar sem námsefnisrammi fyrir þá sem halda námskeið og er að hluta til innlegg í kennslufræðinámskeið með námsskránni

Drög að skipulagi fyrir kennslufræðinámskeið til að nota um leið og námsskráin og námsefnið fer í almenna notkun

Drög að gagnagrunni með upplýsingum um það námsefni sem fánlegt er og hægt er að nota með námsskránni

Greinargerð um starfsemina með tillögum um tilhögun íslenskunáms fyrir útlendinga á vinnumarkaði

### **Vottaðar námsleiðir hjá símenntunarmiðstöðvum**

**g) Að skilgreina reglur um kostnaðarpátttöku ríkissjóðs og framkvæmd námskeiðahalds sem byggir á námsskrám sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur vottað og menntamálaráðuneytið staðfest að meta megi til eininga á framhaldsskólastigi. Samstarfsaðilar FA í þessu verkefni eru miðstöðvar símenntunar, Mímir - símenntun og fræðslumiðstöðvar iðngreina. (Úr þjónustusamningi)**


Samstarfsaðilar FA í þessu verkefni eru miðstöðvar símenntunar á landsbyggð-  
inni níu talsins, Mímir – símenntun í Reykjavík og fræðslumiðstöðvar iðngreina.  
Skilgreining á vottuðu námi eru þær námsleiðir sem sérhannaðar hafa verið fyrir  
fólk á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, og metnar hafa verið  
til eininga á framhaldsskólastigi.

Ákveðið var að verja 144 milljónum á árinu til framkvæmdar á vottuðum náms-  
leiðum hjá samstarfsaðilunum en framlagið hækkaði úr 65 milljónum frá árinu á  
undan. Ekki varð breyting á úthlutunarreglum milli ára, en þó var hækkað  
lágmarksframlag á miðstöðvar úr 3 milljónum í 6 milljónir vegna aukins fjár-  
framlags. Allar símenntunarmiðstöðvarnar og Mímir – símenntun fengu fjármagn  
til að framkvæma vottaðar námsleiðir á árinu.

Af þeim 144 milljónum sem settar voru í verkefnið voru um 121 milljón greidd til  
samstarfsaðilanna. Þegar uppgjör var gert í árslok höfðu þrjár aðilar ekki lokið við  
framkvæmd á samningsbundnum námsleiðum og því útstandandi kr. 3.700.000  
vegna þess.

### Árangur ársins 2007.


Á mynd 4 má sjá dreifingu námsleiðanna um landið eftir þátttakendafjölda.



**Mynd 4. Fjöldi þátttakenda í námstilboðum símenntunarmiðstöðvanna.**

Á árinu 2007 voru þátttakendur í vottuðum námsleiðum, sem fjármöggnuð eru í  
gegnum FA, 1375 talsins í 100 námsleiðum vítt og breitt um landið. Hér að neðan  
er gerð grein fyrir skiptingunni milli símenntunarmiðstöðva, kynja og stéttarféлага.


Á mynd 5 má sjá að samsvörun er milli dreifinga námsleiðanna um landið og fjölda þátttakenda í námsleiðunum.



**Mynd 5. Fjöldi námsleiða**

Kynjahlutfall í námi sem vottað er og greitt af FA er ójafnt. Mynd 6 sýnir að mun fleiri konur en karlar eru þátttakendur í námsleiðunum eða um 86% kvenna á móti 14% karla. Þetta er mjög algengt í fullorðinsfræðslu, en meginástæðuna í þessu tilfalli má rekja til þess að mjög margar konur eru í námi á vegum Mímis-símenntunar í brúarleiðum og fagnámskeiðum þeim tengdum.

**Þátttakendur eftir kyni**




**Mynd 6. Kynjaskipting í þátttöku.**

Skiptingu framlags til vottaðra námsleiða með milligöngu FA eftir félagsaðild má sjá á mynd 7. Eins og sjá má eru 78% þátttakenda í félögum innan ASÍ meðan 7% þátttakenda er í félögum innan BSRB og 14% þátttakenda úr öðrum félagsamtökum, ófélagsbundin eða þekkja ekki félagsaðild sína.




**Mynd 7. Stéttarfélagssaðild þátttakenda.**

Á mynd 8 hér að neðan kemur fram hvernig nemendastundir í vottuðu námi fjármögnuðu af FA skiptist í vottaðar námsleiðir. Undir flokknum annað vottað nám, sem er stærsti flokkurinn, falla námsleiðir sem vottaðar voru áður en námsskrár FA komu til. Þetta eru m.a. leikskólabrú og félagsliðabrú, sem kenndar eru eftir námsskrá framhaldsskólans.




**Mynd 8. Skipting nemendastunda milli námsleiða.**



**Mynd 9. Fjöldi námsleiða og þátttakenda í vottuðu námi fjármögnuðu af FA.**


#### **Samanburður milli árána 2007 og 2006.**

Mikil aukning varð í þátttöku milli árána 2006 og 2007. Fjöldi námsleiða fór úr 40 í 100 eða 150% aukning og fjöldi þátttakenda úr 669 í 1.375 eða aukning um 106%. Sjá mynd 9. Mismunurinn á aukningunni skýrist af því að aukningin varð mest á landsbyggðinni og þar er fjöldi þátttakenda á hverju námsleiði yfirleitt minni en á höfuðborgarsvæðinu.



**Mynd 10. Samanburður milli ára.**


Á mynd 10 má áfram sjá samanburð milli ára. Aukning í nemendastundafjölda er veruleg eða 84% en aukningin í fjármagni er 111% milli ára. Fjöldi lokinna eininga hefur aukist um 91% og hefur áætlað verð á einingu hækkað um 11%. Loks kemur fram á mynd 11 samanburður á framkvæmd vottaðra námsleiða milli ára. Þar kemur bæði fram það nám sem FA greiðir fjármagn til, en einnig nám, sem haldið er samkvæmt námskrám FA, en er fjármagnað af öðrum.



**Mynd 11. Allt vottað nám fyrir markhópinn.**

### Árangursmarkmið

FA setur fram árangursmarkmið um fræðslu samstarfsaðila sinna. Markmiðin fyrir 2007 voru sett í 130.000 nemendastundir í vottuðu námi og 110.000 í öðru námi. Á mynd 12 sést að árangurinn fer talsvert fram úr markmiðum. Eingöngu vottaða námið sem fær framlag með milligöngu FA nær um 147.000 nemendastundum. Samtals nám fyrir markhóp FA hjá samstarfsaðilunum er tæplega 300.000 nemendastundir, örlítið minna en í fyrra, en þess ber að geta að enn hafa ekki allar upplýsingar borist frá samstarfsaðilum og því gætu þessar tölur átt eftir að hækka. (Þetta á eingöngu við um vottað nám sem ekki fær greiðslur gegnum FA)



**Mynd 12. Vottað og óvottað nám fyrir markhópinn.**

## Upplýsingasöfnun og miðlun

### **h) Að safna og miðla upplýsingum og annast önnur verkefni sem falla að meginmarkmiði FA. (Úr þjónustusamningi)**

Kynningarstarf er nauðsynlegt í starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar. Kynningarstarfi er einkum beint að samstarfsaðilum FA, en auk þess að framhaldsskólum, ýmsum hagsmunaaðilum og erlendum og innlendum fræðsluaðilum. Auk viðhalds á heimasíðu, ýmissa kynningarfunda og viðtala í dagblöðum, í félagsblöðum og útvarpi eru helstu áherslur í kynningarmálum:

#### **Ársritið Gátt**

Ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er gefið út einu sinni á ári í tengslum við ársfund félagsins. GÁTT er liður í kynningu á málefnum þeim sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið falið að vinna að. Gátt 2007 fjallar um fullorðinsfræðslu með áherslu á aðferðir við mat í ýmsu samhengi, en einnig eru greinar um önnur viðfangsefni FA. Gátt er vandað rit, 86 síður að lengd. Ritið var sent mjög víða, m.a. til framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og bókasafna. Það er notað til kennslu í fjórum háskólum HÍ, HA, LHÍ og KHÍ. Ársritið er einnig á vef Fræðslumiðstöðvarinnar, [www.frae.is](http://www.frae.is).

## Útgáfa á námsskrám

Sex námsskrár voru gefnar út á árinu; Fagnámskeið fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu, Fagnámskeið starfsmanna leikskóla, Færni í ferðapjónustu I, Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk, Þjónustuliðar - grunnám og Skref til sjálfs- hjálpar í lestri og ritun.

## Kynningarefni

Haldið var áfram að framleiða kynningarefni fyrir vottaðar námsleiðir á árinu. Gefnir voru út fimm bæklingar; Færni í ferðapjónustu I, Skref til sjálfshjálpar og Grunnám fyrir skólaliða. Einnig var kynningarbæklingur um Landnemaskólann gefinn út á pólsku og ensku. Þetta er liður í því markmiði FA að veita samstarfs- aðilum sínum þjónustu og auðvelda þeim að ná til markhópsins.

Gefinn var út bæklingur um mat á raunfærni í atvinnulífinu í tengslum við evrópska samstarfsverkefnið Gildi starfa: Mat á raunfærni í atvinnulífinu. Þar er helstu atriðum í slíku ferli gerð skil svo og þróun færni viðmiða og hlutverkum þátttakenda í ferlinu. Nálgast má bæklinginn á 6 tungumálum á heimasíðu verk- efnisins [www.valueofwork.org](http://www.valueofwork.org).

## Fundir og ráðstefnur

Ársfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var haldinn 28. nóvember á Grand Hótelu. Fundinn sátu 59 manns. Fundurinn bar nafnið Höfum við gengið til góðs? Guðrún Eyjólfsdóttir, formaður FA setti fundinn. Hróbjartur Árnason lektor í fullorðinsfræðslu við KHÍ hélt erindi um áhrif FA á þróun fullorðinsfræðslu á Íslandi. Einnig töluðu Sigrún Jóhannesdóttir um mælistikur og Þórhalla Þórhalls- dóttir um verslunarfagnamið á Akureyri. Auk þeirra töluðu tveir þátttakendur í úrræðum á vegum samstarfsaðila FA. Loks voru heiðraðar tvær fyrirmyndir í námi fullorðinna, þær Kornína Óskarsdóttir og Elín Þór Björnsdóttir, og fengu þær fartölvur að gjöf. Fundarstjóri var Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ.

Tvær stórar ráðstefnur voru haldnar um raunfærnimat á árinu. Norræn ráðstefna var haldin 4. maí í samstarfi við NVL með 76 þátttakendum. Einnig var haldin ráðstefna á Akureyri 16. maí og sóttu hana 38 þátttakendur.

Lokaráðstefna VOW var haldin á Grand-hótelu 28. september. 60 manns sóttu ráðstefnuna. Hún fjallaði um raunfærnimat í atvinnulífinu.

Loks var haldin stór ráðstefna í samvinnu við NVL um Færni til framtíðar á norrænum vinnumarkaði og þar var kynnt skýrsla norræna þankabankans. Ráð- stefnan var haldin 25. október á Grand hótelu og sóttu hana 48 manns.

Fjöldi annarra kynningarfunda var haldinn af starfsmönnum FA og er gerð grein fyrir þeim í fylgiskjali: Önnur undirbúnings- og þjónustuverkefni 2006. Í heildina voru framkvæmdar kynningar sem námu rúmlega 2.400 þátttakendaklukkustundum.

## Vefurinn

Á vef FA frae.is má finna allt það efni sem gefið hefur verið út af FA. Þar eru bæði námsskrár, Gáttin og bæklingar. Einnig krækjur í bókakost FA, upplýsingar um erlend samstarfsverkefni, um tæki fjarfundabúnaðar og framkomu í fjarfundabúnaði, einnig krækjur í erlendar vefsíður og annað efni. Gæðaviðmið samstarfsaðilanna eru einnig á vefnum. Einnig eru fréttir af viðburðum og efni sem tengist fundum á vegum FA og samstarfsaðila. Loks eru þar þeir samningar og samþykktir, sem starfsemin byggir á.

## Ráðgjöf og raunfærnimat hjá Fræðslumiðstöðvum löggiltra iðngreina.

Í upphafi árs 2007 gerðu ASÍ og SA viðaukasamning við menntamálaráðuneytið. Í samningnum er FA er falið að skilgreina nýtingu fjár sem ætlað er að gera fræðslumiðstöðvum í löggiltum iðngreinum kleift að bjóða upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Einnig að FA þrói í samstarfi við þessa aðila aðferðir raunfærnimats sem eru til þess fallnar að nýtast einstaklingum sem hafa hafið iðnnám, en ekki lokið sveinsprófi. Til þessa starfs var veitt 30 milljónum á árinu. ÍÐAN fræðslusetur fékk 21,3 milljónir og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins 8,7 milljónir. Í upphafi var miðað við að 80% færu til náms- og starfsráðgjafar en 20% til raunfærnimats. Fljótlega kom í ljós að raunfærnimatið gekk mjög vel og var flutt fjármagn á milli liða hjá báðum miðstöðvum. ÍÐAN nýtti 10.250.000 í ráðgjöfina og 11.050.000 í raunfærnimatið. Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins nýtti tæplega 6 milljónir í ráðgjöfina og rétt rúmlega 2,7 í raunfærnimatið.

## Raunfærnimat

Fjöldi einstaklinga sem tók þátt í raunfærnimati var 106, 73 hjá ÍÐUNNI og 33 hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Staðnar einingar voru 2.050 hjá ÍÐUNNI og 419 hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins, samtals 2.469 einingar.

Fræðsluaðili	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi viðtala	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðinna eininga	Árangursviðmið - einingar	Fjármagn	Verð pr. einingu
ALLS	106	679	4.224	2.469	2.119	13.773.500	5.579
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	33	298	682	419	419	2.723.500	6.500
Iðan	73	381	3.542	2.050	1.700	11.050.000	5.390

Árangursmarkið gerðu ráð fyrir að staðnar einingar yrðu 2.119. Árangursmarkmið stóðust hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins en ÍÐAN fór 17% fram úr árangursmarkmiðunum og lækkar það verð pr. staðna einingu úr 6.500 niður í 5.390. Meðalverð á staðna einingu er því 5.579 krónur.

Skipting á starfsgreinar er sýnd á neðangreindri töflu. Þar kemur einnig fram að meðaltal staðinna eininga á mann eru 23, en eru eftir greinum frá 13 einingum í rafvirkjun til 38 eininga í námssamningum vegna matreiðslu. Bæði bílgreinar og húsasmíði gefa af sér um 30 einingar á mann að meðaltali.

Starfsgrein	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi viðtala	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðinna eininga	Meðaltal staðinna eininga pr. einstakling
<b>ALLS</b>	<b>106</b>	<b>679</b>	<b>4.224</b>	<b>2.469</b>	<b>23</b>
Bílgreinar	22	110	1.072	667	30
Hárgreiðsla	2	6	28	0	0
Húsasmíði	29	192	1.213	893	31
Matreiðsla - námssamningur	5	28	630	190	38
Málaraiðn	15	45	599	300	20
Rafvirkjun	33	298	682	419	13

### Ráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina snerist mjög mikið um raunfærnimat. Engu að síður tóku þær einnig á móti einstaklingum í viðtal og fóru á vinnustaði. Heildarfjöldi viðtala var 1.171 viðtal. ÍÐAN tók 775 viðtöl en Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins tók 396 viðtöl. Árangur beggja var að meðaltali 49% yfir árangursmarkmiðum. Sjá töflu hér að neðan.

Fræðsluaðili	Raunfjöldi viðtala	Árangursmarkmið	Mismunur	Hlutfall umfram markmið
<b>Samtals</b>	<b>1171</b>	<b>787</b>	<b>384</b>	<b>49</b>
ÍÐAN	775	497	278	56
Fræðsluskrf. Rafiðn.	396	290	106	37

## Önnur verkefni

### Fagráð verslunar og þjónustugreina

**Hlutverk Fagráðs verslunar- og þjónustugreina (FVP) er að:**

- hafa eftirlit með að starfstengt nám fyrir verslunar- og þjónustugreinar fari fram samkvæmt þörfum og óskum fyrirtækjanna og nemendanna
- vakta nýjar menntaþarfir innan greinanna og koma þeim í framkvæmd
- skapa tengingu við menntamálaráðuneytið og halda uppi hagsmunum og áframhaldandi þróun starfsnáms fyrir verslunar- og þjónustugreinar
- kynna starfsemi Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks
- koma af stað námskeiðum eftir þörfum og óskum
- stuðla að og styðja við námsskrágerð

## **Skipulag**

Að FVP standa Landssamband íslenskra verslunarmanna (LIV), VR og Samtök atvinnulífsins (SA). FVP er hýst hjá FA á grundvelli samnings þar um.

## **Helstu atriði í starfseminni árið 2007**

### **Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina**

Í byrjun árs 2007 var gerður samningur milli FVP og Starfsgreinaráðs skrifstofu- og verslunargreina (SSV) um að FVP taki að sér að sinna reglulegri starfsemi SSV. Hafa þau verkefni að mestu lotið að nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla. Í lok ágúst staðfesti menntamálaráðuneytið nýja tveggja ára námskrá „Starfsnám þjónustu í skrifstofu- og verslunargreinum“ sem skiptist annars vegar í grunn- nám og síðan velja nemendur sér ýmist skrifstofubraut eða verslunarbraut. Auk þess hefur verið unnið að kynningu á náminu meðal fyrirtækja og útfærslu á ferilmöppu starfsnámsins.

Það hversu seint námskráin var endanlega staðfest af ráðuneytinu gerði það að verkum að einungis tveir skólar, Borgarholtsskóli og Fjölbrautaskóli Suðurnesja, hófu kennslu samkvæmt henni haustið 2007.

### **Verslunarfagnám**

Eitt af þeim verkefnum, sem tekið hafa mikinn tíma hjá fagraðinu frá upphafi, er að veita stuðning þeim sem staðið hafa að kennslu Verslunarfagnáms. Verslunarfagnám hefur undanfarin ár verið kennt við Verslunarskóla Íslands. Mímir – símenntun tók síðan við kennslunni um áramótin 2007 og 2008 og hófst kennsla þar á vorönn 2008. Haustið 2006 hófst kennsla í Verslunarfagnámi hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Útskrifaðist fyrsti nemendahópurinn þar haustið 2007.

### **Námsráðgjöf**

FVP hefur frá upphafi unnið með námsráðgjöfum Mímis-símenntunar að kynningu á námsráðgjöf til starfsmanna verslunar- og þjónustufyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Hefur FVP séð að hluta um skipulag vinnustaðaheimsóknna og séð um kynningu á Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks. Mikil vinna hefur verið lögð í kynningu á ráðgjöfinni. Þrátt fyrir jákvætt viðhorf stjórnenda og starfsmannastjóra hefur gengið erfiðlega að fá þá til virkrar þátttöku í verkefninu og of oft hefur það gerst að þegar mætt er með kynningar í fyrirtæki að þar veit enginn af komu okkar.

Sem lið í undirbúningi ráðgjafarinnar hefur FVP tekið saman yfirlit yfir námskeið sem standa almenningi til boða. Sérstök áhersla hefur verið á að námskeiðin nýtist almennum starfsmönnum í verslunar- og skrifstofustörfum. Yfirlitið var sent fræðslu- og starfsmannastjórum fyrirtækja og eins var það sett á vef Samtaka verslunar og þjónustu þar sem það er öllum aðgengilegt.

## **Mat og vottun á raunfærni í verslunar - og þjónustufyrirtækjum**

Vistun FVP hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur leitt til þess að starfsmaður FVP hefur tekið þátt í Leonardo verkefni fyrir hönd FA. Verkefnið, sem styrkt er af starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins, nefnist CREAC (Cooperation for the Recognition, Evaluation and Accreditation of Competences) en þar er leitað leiða til að meta raunfærni meðal framlínustjórnenda í verslunar- og þjónustufyrirtækjum. Markmið verkefnisins er að meta og votta raunfærni sem náðst hefur með formlegum og óformlegum hætti.

Um mánaðamótin maí-júní 2007 hittust þátttakendur verkefnisins í Birmingham í Englandi og kynntu sér nánar kerfið sem Bretar hafa byggt upp á undanförunum árum og var starfsmaður FVP fulltrúi FA á þeim fundi. Annar fundur á vegum verkefnisins var síðan haldinn í Reykjavík í október og kom það í hlut FVP að skipuleggja komu hópsins og síðan að sitja fundi hans.

## **ReTAiL**

ReTAiL (Retail Management for Adults in Lifelong Learning ) er annað verkefni á vegum menntaáætlunar Evrópusambandsins. Verslunarskóli Íslands leiðir verkefnið en FVP er þátttakandi fyrir milligöngu FA. Auk Íslendinga taka Finnar, Skotar og Pólverjar þátt í verkefninu. Markmið verkefnisins er gerð rafræns námsefnis til kennslu í verslunarstjórnun. Er hér um yfirfærsluverkefni að ræða sem byggir á að nýta fyrirliggjandi hugmynda- og aðferðafræði til gerðar náms-efnis sem nýtist öllum þátttökulöndunum.

## ***Norrænt tengslanet um nám fullorðinna, NVL***

